

Birtingarmynd ofbeldis

Jafnréttisdagur Mosfellsbæjar 18. september 2017

Þorbjörg Inga Jónsdóttir hrl.

Birtingarmyndir

- Andlegt ofbeldi
- Kynferðisofbeldi
- Hatursorðræða
 - Hefur breyting á landfræðilegum takmörkunum áhrif á innihald og eðli?
- Líkamlegt ofbeldi
 - Skipta tengsl máli? Staðsetning? Fyrri samskipti?
- Bundið við ákveðinn brotapolá? Umhverfið, almannaeignir

Hvað er ofbeldi?

Af heimasíðu Kvennaathvarfsins

- Á eitthvað af neðantöldu við um þig og maka þinn?
- Hefur þú orðið hrædd/ur við maka þinn?
- Hefur þú orðið hrædd/ur þegar hann er undir áhrifum áfengis eða eiturfjafa?
- Hefur makinn reynt að koma í veg fyrir að þú farir þangað sem þú vilt fara?
- Hefur hann reynt að koma í veg fyrir að þú stundir vinnu, skóla eða áhugamál?
- Skipar hann þér fyrir?
- Krefst hann þess að þú hlýðir sér?
- Hefur hann sagt (beint eða óbeint) að þú getir ekki bjargað þér án hans/hennar?

Hvað er ofbeldi, frh.

- Hefur maði þinn verið að fylgjast með þér?
- Ásakar maðinn þig um að vera sér ótrúr?
- Er hann gagnrýninn á þig, vini þína og/eða fjölskyldu?
- Hefur hann sagt að „eitthvað sé að þér”, jafnvel að þú sért „geðveik/ur”?
- Hefur þú óttast maða þinn undir einhverjum kringumstæðum?
- Verður hann reiður ef þú mótmælir honum eða ert á annari skoðun?
- Hefur hann gert lítið úr þér fyrir framan aðra?
- Hefur hann yfirráð yfir fjármálum ykkar?

Hvað er ofbeldi, frh.

- Hefur þér fundist þú þurfa að stunda kynlíf til að „hafa makann góðan?“
- Hefur maki þinn viljandi eyðilagt persónulegar eigur þínar?
- Hefur hann ógnað þér með svipbrigðum, hreyfingum eða bendingum?
- Hefur hann hótað að skaða þig, sjálfan sig eða börnin?
- Hefur hann öskrað á þig og/eða börnin?
- Hefur hann ýtt við þér/hrint þér eða slegið til þín?
- Hefur hann eða slegið/barið þig og/eða börnin?

Eruð þið að trúa mér?

-
- „ég er búin að hitta fullt að liði og alltaf segja sömu söguna og ég hef bara ekki tíma í þetta lengur, svo ég kem ekki til þín í dag, sjáumst seinna.....ekki“
 - „hvers vegna er hann að spurja mig hvað ég sagði? Er þetta í lagi ef ég sagði eitthvað svakalegt?“
 - „hvað átti ég að segja oft nei til að það væri eitthvað marka? hvernig er hægt að ímynda sér að ég vildi eitthvað af þessu, er það eitthvað sem við bara höfum þannig og svo á ég að sanna restina?“
 - Vitni í eigin máli

Að trúa eða/og ákæra

- **145. gr.** Þegar ákærandi hefur fengið gögn máls í hendur og gengið úr skugga um að rannsókn sé lokið athugar hann hvort sækja skuli sakborning til sakar eða ekki. Ef hann telur það sem fram er komið **ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis** lætur hann við svo búið standa en ella höfðar hann mál á hendur sakborningi skv. 152. gr., sbr. þó 146. gr.

Dómur Hæstaréttar, mál nr. 63/2014, 18.06.14

Forsendur héraðsdóms: „Hann kveður stimpingar hafa átt sér stað á milli málsaðila og viðurkennir að hafa í eitt skipti gengið of langt eða á árinu 2010. Hann segir að sér hafi liðið hræðilega á eftir og í kjölfarið leitað sér aðstoðar sálfræðings og sótt fundi hjá samtökum um ...“

„Þegar áðurgreint atvik átti sér stað á árinu 2010 kveðst stefndi sér hafa fundist **hann vera kominn út í horn af ýmsum ástæðum, m.a. vegna erfiðra samskipta við stefnanda**. Þá hafi hann verið búinn að missa vinnuna og fjárhagur heimilisins verið í molum, en hann kveðst hafa borið meginábyrgð á því að afla heimilinu tekna. Honum hafi boðist vel launað verkefni erlendis, sem hann hafi ákveðið að taka að sér til að bjarga fjárhag heimilisins. Hafi þetta þýtt nokkurra mánaða fjarveru frá fjölskyldunni, en **við það hafi stefnandi verið mjög ósátt. Viðurkenndi stefnandi í skýrslu sinni fyrir dóminum að hafa látið ljót orð falla í garð stefnda** skömmu áður en **stefndi missti stjórn á sér**.

Eins og að framan greinir hafa komið fram ásakanir af hálfu beggja aðila um ofbeldi eða stjórnsemi af hálfu hins meðan á sambúðinni stóð. Aðilar eru ekki sammála um þau málsatvik og verða þau ekki sannreynd í þessu máli. Af framburði beggja aðila er hins vegar ljóst að mikil togstreita og samskiptaerfiðleikar voru á milli þeirra í lok árs 2010 þegar umrætt atvik átti sér stað. Engin gögn liggja fyrir um ætlaða ofbeldishegðun stefnda fyrir utan þetta eina atvik, sem hann hefur viðurkennt. Þá liggur fyrir að stefndi leitaði sér aðstoðar hjá fagfólki og vinum í kjölfarið og kveðst hafa unnið úr þessum vanda. Með hliðsjón af öllu framangreindu telur dómurinn ekki ástæðu til að ætla að hætta sé á því að stefndi muni beita stefnanda ofbeldi.“

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. 335/2015.

- Forsendur héraðsdóms: Fyrir liggur að X og ákærði Z töluðu saman á Facebook 4. maí 2014 eftir atburðinn. Þar kom fram að X var ósátt við upptökuna. Ekki er þar minnst á nauðgun þótt hún hafi þar rætt við einn hinna ákærðu sem gefið er að sök að hafa nauðgað henni nokkrum klukkustundum áður.
- X greindi m.a. svo frá í vitnisburði sínum fyrir dómi að hún hefði gefið ákærðu til kynna að hún vildi ekki vera með þeim en hún hefði ekki sagt þeim það berum orðum. Síðar greindi hún frá því að hún gæti hafa sagt þeim þetta berum orðum en hún myndi það ekki. Þá mundi hún ekki eftir því að henni hefði verið hótad ofbeldi.
- Fyrir liggur að myndbandsupptakan sem skoðuð var undir aðalmeðferð málsins er aðeins hluti upptökunnar sem ákærði Z tók upp í herberginu í [...]. Ákærði Z hefur lýst því að þar sjáist aðeins hluti atburðarásarinnar eins og rakið var. Vitnin K og V, sem sáu upptökuna, styðja framburð ákærða Z að hluta, en vitnin báru bæði að þau hefðu upplifað það sem þau sáu þannig að X væri samþykkt því sem gerðist og hún hafi ekki sést ýta ákærðu frá eins og hún bar fyrir dóminum.
- Meðal gagna málsins er upptaka úr eftirlitsmyndavél að [...] þar sem X sést fara úr húsinu eftir samkvæmið. Þar sést hún tala í síma jafnframt því að sækja þýfi sem komið hafði verið fyrir undir stiga í húsinu. Af þessari upptöku verður ekki ráðið að hún hafi skömmu fyrr orðið fyrir því alvarlega broti sem lýst er í ákæru.

Dómur Hæstaréttar, mál nr. 350/2010, 24.02.11

- „Í málinu liggur fyrir afdráttarlaus afstaða eldri dætranna, þeirra A og B, um að þær vilji áfram búa hjá móður sinni og vera áfram í hennar forsjá. Þá liggur fyrir að þær vilja ekki umgengni við föður sinn. Í skýrslu matsmannsins kemur fram að **tengsl þeirra við föður séu neikvæð eins og þau birtist honum og að sú neikvæðni virðist hafa farið vaxandi.** (12 og 14 ára)
- „Yngsta dóttirin, C, er átta ára. Í skýrslu F matsmanns kemur fram að hún segist ekki vilja fara til föður og samkvæmt fjölskyldutengslaprófi séu tengsl hennar við föður neikvæð þó allt annað virðist vera uppi á teningnum hjá honum. Hún vilji vera hjá móður sinni og systur sem hún hefur nán og jákvæð tengsl við.“
- Dæturnar hafa greint frá því, m.a. í samtali við dómendur, að faðir þeirra hafi verið vondur við þær. Er það mat dómenda að frásögn þeirra **hafi ekki gefið tilefni til að ætla að faðir þeirra hafi misboðið þeim á nokkurn hátt.**“

Þarfir brotþola

- Greining
- Sálræn þjónusta
- **Að vera trúað**
- Húsnæði
- Framfærsla
- Heildarstuðningur

Úrræði og viðhorfsbreyting

Hugmyndir um brotafólk og þolendur – þarf að breyta?

Átök til viðhorfsbreytingar, dæmi free the nipple, auglýsingaherferðir, kennsla

Nafnleysi og leynd

Önnur hugsun

-----**Viðhorf, viðbragð og úrvinnsla**